

Ed.

704. Nefndarálit

[306. mál]

um frv. til laga um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hér ríkir nú óðaverðbólga og landflótti. Almennitur allur býr við óvissu um kaup sitt og kjör.

Við þessar aðstæður leggur ríkisstjórnin fram frumvarp um enn einar bráðabirgðaráðstafanir í efnahagsmálum. Sem viðnámsaðgerð gegn verðbólgu er frumvarpið léttvægt, enda mun aðaltilgangur þess að ýta óleystum vandamálum á undan sér fram yfir 1. maí n.k. Um framkvæmd frumvarpsákvæðanna er lítið upplýst, nema að ríkisstjórnin hafi ekki tekið ákvarðanir þar um. Sama gildir um aðrar aðgerðir, sem ríkisstjórnin segist vera að ræða. Um þær er ekki heldur samkomulag.

Þegar núverandi ríkisstjórn tók til starfa var verðbólguhraðinn um 40% á ári. Ríkisstjórnin hefur nú lýst því yfir, að hún vilji stefna að því, að hann verði þessi sömu 40% á þessu ári. Þó er ljóst að ytri skilyrði þjóðarbúskapar okkar verða að teljast góð. Þannig hafa verið gerðir samningar um skreiðarsölur, sem eru 10% hærri en á fyrra ári, og um saltfisksölur, sem eru 20% hærri. Gengi dollarans hefur styrkst á árinu en það hefur vitaskuld mjög jákvæð áhrif á þjóðarbúskapinn. Þessi góðu ytri skilyrði veita vitaskuld sérstakar aðstæður til þess að ná meiri stöðugleika í efnahagsmálum og draga verulega úr verðbólgu. Þess sér hins vegar ekki stað að ríkisstjórnin muni bera gæfu til að nýta þetta tækifæri. Fyrirliggjandi frumvarp er til vitnis um það.

Frumvarpið um verðlagsaðhald og fleira er þriðja tilraun ríkisstjórnarinnar til þess að heita svonefndri verðstöðvun, en hún mun reynast jafnhaldlaus og hinar fyrri, enda er frumvarpinu ætlað að taka gildi á sama tíma og ríkisstjórnin ákveður verulegar hækkanir á opinberri þjónustu.

Þegar eru í gildi rúmar lagaheimildir til stjórnunar verðlagsmála og vandséð hvaða tilgangi sífelldar orðalagsbreytingar og málalengingar um framkvæmd laganna þjóna. Slíkt ber reyndar vott um sýndarmennsku öðru fremur.

Fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar hafa mistekist og munu mistakast vegna þess að þær eru einangraðar aðgerðir, en ekki hluti af heildstæðri efnahagsstefnu og í engu samræmi við aðrar staðreyndir í íslensku efnahagslífi. Án raunsærrar efnahagsstefnu er auk þess hættu á alvarlegum atvinnubresti.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar er smærra og efnisminna en aðdragandi þess gaf tilefni til að ætla. Þetta frumvarp er lítils virði. Ríkisstjórnin hefur hins vegar lagt ofurkapp á að þetta marklitla frumvarp verði afgreitt fyrir 1. maí og mun þingflokkur Alþýðuflokksins fyrir sitt leyti ekki leggja gegn því, að svo geti orðið.

Alþingi, 30. apríl 1981.

Kjartan Jóhannsson.